

Nefndarálit

um frv. til l. breyt. á l. um staðfesta samvist, nr. 87/1996, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Val Ingólfsson og Steinunni A. Björnsdóttur frá Biskupsstofu, Guðrúnu Rögnvaldardóttur frá Félagi foreldra og aðstandenda samkynhneigðra, Pál Þórhallsson frá forsætisráðuneyti, Magnús Magnússon og Sigrúnu Óskarsdóttur frá Prestafélagi Íslands, Hrafnkel Stefánsson frá Samtökunum '78 og Bjarna Jónsson frá Siðmennt.

Með frumvarpinu er lagt til að prestum og forstöðumönnum trúfélaga verði heimilt að staðfesta samvist samkynhneigðra. Gengið er út frá því að réttur þessara vígslumanna til að ákveða hvort þeir staðfesti samvist verði virtur en byggt er á því að þeir muni ekki synja um það af öðrum ástæðum en vegna trúarsannfæringar sinnar.

Við umfjöllun málsins í nefndinni var rætt um ákvæði 19. gr. hjúskaparlaga þar sem utanríkisráðuneyti er veitt heimild til að setja reglur um heimild starfsmanna íslenskra sendiráða til að framkvæma hjónavígslu. Fram komu athugasemdir frá umsagnaraðilum um að starfsmenn íslenskra sendiráða ættu einnig á grundvelli slíkra reglna að hafa heimild til að staðfesta samvist. Einnig var rætt um ákvæði 20. gr. hjúskaparlaga um heimild til að gera samning við erlent ríki um að vígslumenn þess geti framkvæmt hjónavígslu hér á landi þegar a.m.k. annað hjónaefna er ríkisborgari hlutaðeigandi ríkis.

Samkvæmt upplýsingum nefndarinnar hefur framangreindum ákvæðum aldrei verið beitt, þ.e. hvorki hafa verið settar reglur á grundvelli 19. gr. hjúskaparlaga né gerðir samningar á grundvelli 20. gr. laganna. Það er mat nefndarinnar að ástæðulaust sé að fella inn í lög um staðfesta samvist ákvæði sem eru þannig merkingarlaus í ljósi réttarstöðunnar í dag. Nefndin telur eðlilegra að framangreind ákvæði verði endurskoðuð eða jafnvel felld brott við heildar-endurskoðun hjúskaparlaga.

Þá komu fram athugasemdir um að í frumvarpinu væri ekki gert ráð fyrir því að prestar eða forstöðumenn trúfélaga gætu leitað um sættir við slit staðfestrar samvistar eins og kveðið er á um í 4. mgr. 42. gr. hjúskaparlaga. Leggur nefndin til að við 2. mgr. 8. gr. laga um staðfesta samvist bætist ákvæði þess efnis að prestar og forstöðumenn trúfélaga geti leitað um sættir við slíkar aðstæður.

Nefndin telur að með frumvarpinu sé stigið mikilvægt skref til í þá átt að jafna stöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra. Er með frumvarpinu fylgt eftir þeim stefnumiðum sem lágu til grundvallar lögum nr. 65/2006, um breytingu á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra. Telur nefndin eðlilegt að næsta skref í þessum efnum verði að endurskoða hjúskaparlög með það að markmiði að fella saman í einn lagabálk lagaákvæði um hjúskap og staðfesta samvist og að sú endurskoðun hefjist hið fyrsta.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Við 2. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Einnig geta prestar og forstöðumenn skráðra trúfélaga leitað um sættir.

Atli Gíslason og Jón Magnússon skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Karl V. Matthíasson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. maí 2008.

Birgir Ármannsson,
form., frsm.

Ágúst Ólafur Ágústsson.

Atli Gíslason,
með fyrirvara.

Herdís Þórðardóttir.

Ellert B. Schram.

Siv Friðleifsdóttir.

Ólöf Nordal.

Jón Magnússon,
með fyrirvara.